

Orðaleikur Fjármálavits – spilareglur

- Útskýra á orð með öðrum orðum. Öll orðin í leiknum snúa að fjármálum.
- Nemendum er skipt í 2 lið.
- Svipaðir orðabunkar eru í gangi hjá báðum liðum.
- Annað liðið byrjar þar sem einn úr liðinu fær miða með hugtaki og reynir að útskýra orðið fyrir liði sínu án þess að segja orðið sjálft. Hann má nota vísbendingar, samheiti og andheiti. Það má helst ekki nota látbragð.
- Þau orð sem liðin geta ekki útskýrt fara í sér „ruslbunka“. Hvort lið fær tvær mínútur og á meðan tekur hitt liðið tímann og svo öfugt. Ef tími gefst er hægt að gera aftur.